

## VARNIR MIKILVÆGRA INNVIÐA

### MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 21085-004

DAGS.: 2023-11-09

VERKHLUTI:

NR.: ID 371129

HÖFUNDUR: Ari Guðmundsson

### Varnargarðar við Svartsengi - fylgiskjal

Varnargarður sem innviðahópurinn hefur nú gert tillögu að við Svartsengi og Bláa Lónið er samtals um 4km að lengd. Hann mundi liggja í hápunktum í landinu umhverfis Svartsengi og Bláa Lónið. Ljóst er að meginmarkmið garðsins er að verja innviði í Svartsengi og yrði hann áberandi kennileiti. Á stöku stað þverar garðurinn akvegi og gönguaðgengi. Reynt verður á byggingartíma og eftir að atburðarrás hættir, að milda áhrif hans og/eða gera viðeigandi ráðstafanir til lengri tíma.

Núverandi útfærsla á varnargarðinum er um 400.000 m<sup>3</sup> að stærð, og um 6-8m á hæð. Garðurinn er þó mishár eftir staðsetningu í landinu og hvernig landyfirborð er í kring. Varnargarðurinn yrði unninn í áföngum og fyrstu varnarlínu komið upp fyrst, en garðurinn byggður síðan upp í framhaldi hlémeigin. Forgangur yrði settur á þann hluta sem yrði mest verjandi út frá líklegustu sviðsmynd sem talin er vera á hverjum tíma.

Botnbreidd garðsins yrði á bilinu 20-30m að jafnaði og færi yfir óraskað hraun. Á þeim stöðum þar sem hraunkargi á yfirborði yrði nýttur í garðinn mætti gera ráð fyrir röskun á um 50-70m breiðu belti að jafnaði en um 30m þar sem efni yrði einungis keyrt að.

Varnargarðurinn er í samræmi við tillögur innviðahópsins sbr. skýrslu og minnisblöð sem skilað var með bréfi til Ríkislögreglustjóra – Almannavarnadeildar þann 20. maí 2022. Þar er m.a. hnykk á mikilvægi forvarnaraðgerða enda verði lítil tími til varnaraðgerða ef hraun rennur frá upptakasvæði nálægt mikilvægum innviðum.

Þá hafa verið unnin drög að skýrslu um Afhendingaröryggi orku og vatns á Reykjaneskaga í kjölfar upplýsingaöflunar í byrjun árs 2023, ásamt aðgerðalista í framhaldi. Meðal atriða í aðgerðalistanum eru hraunrennslisvarnir við Svartsengi ásamt fjármögnun forvarnaraðgerða gegn náttúruvá.

